

Grýtubakkahreppur

Afhending 2012/10

Grýtubakkahreppur er við austanverðan Eyjafjörð og nær yfir Höfðahverfi, Grenivík og Látraströnd. Grýtubakkahreppur liggur að Þingeyjarsveit í austri, Svalbarðsstrandarhreppi í suðri, en Eyjafjörðurinn afmarkar mörkin til vesturs og norðurs. Talið er að mörk sveitarfélagsins hafi haldist nánast óbreytt frá Þjóðveldisöld og að aðeins nafnið hafi breyst en í gömlum jarðabókum er talað um Höfðahverfishrepp. Fyrsta hreppsnefnd Grýtubakkahrepps var kosin árið 1874.

Í sveitarfélaginu búa um 370 manns (2020), þar af 300 á Grenivík og um 70 í sveitinni suður af Grenivík. Helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins eru útgerð og landbúnaður, en á Grenivík eru einnig starfrækt Sparisjóður Höfðhverfinga, harðfiskverkun Darra og lyfjafyrirtækið Pharmarctica (2019).

Á Grenivík er einnig starfræktur grunnskóli, sundlaug, leikskóli, líkamsræktarstöð, öldrunarheimili og heilsugæsla. Einnig er allskyns félagsstarf á svæðinu og má þar nefna Kvenfélagið Hlín, stofnað 1920, Íþróttfélagið Magna, stofnað 1915, Björgunarsveitina Ægi og kór Grenivíkurkirkju.

Grýtubakkahreppur tilheyrir Suður-Þingeyjarsýslu samkvæmt hefðbundinni sýsluskiptingu en hefur verið skilaskyld gagnvart Héraðsskjalasafninu á Akureyri síðan 1988 þegar héraðsnefnd Eyjafjarðar var stofnuð. Áður var Grýtubakkahreppur skilaskyldur gagnvart Héraðsskjalasafni Þingeyinga á Húsavík.

Sveitafélagið hefur nokkrum sinnum tekið þátt í kosningum um sameiningu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu en sú tillaga hefur alltaf verið felld.

Afhendingin barst frá Birni Jósef Arnviðarsyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2003/34, 2004/59, 2007/81, 2009/81 og 2010/27.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

17. febrúar 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

A-Fundargerðir**A-Fundargerðir**

A	1	1	1959 - 2009	Gjörðabók við utankjörfundarkosningar
A	1	2	1966 - 2006	Gjörðabók við utankjörfundarkosningar til sveitarstjórnar